# EKKO

*Lærervejledninger*



NÁMSGAGNASTOFNUN
09850

# Efnisyfirlit

Til kennara . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3
Skoleliv . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9
Sport og motion . . . . . . . . . . . . . . . . . . 19
Spis dig glad . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 29
Livsstil . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 39
Kriminalitet . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 49
Kommunikation . . . . . . . . . . . . . . . . . . 60
Du og jeg og resten af livet . . . . . . . . . 69
Fremtidsdrømme . . . . . . . . . . . . . . . . . 76

## EKKO – KENNSLULEIÐBEININGAR

© Höfundar: Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen
© Teikningar: Böðvar Leós
Ritstjórn: Ellen Klara Eyjólfsdóttir
Útlit og umbrot: NÁMSGAGNASTOFNUN
Námsgagnastofnun 2009

1. útgáfa 2009
2. útgáfa 2010



# Lærervejledninger

## Til kennara

Við samningu *Ekko* var stuðst við *Aðalnámskrá grunnskóla*: Erlend tungumál 2007

### Kennaraheftið skiptist í fjóra hluta

- **Almennt um námsefnið**. Stutt umfjöllun um uppbyggingu námsefnisins.
- **Kennsluleiðbeiningar** með nemenda- og vinnubókum. Fjallað er um hvert þema fyrir sig með ábendingum um útfærslur á verkefnum og sums staðar eru ábendingar um þyngdarstig æfinga. Einnig má finna hugmyndir að ítarefni, vefslóðir, ábendingar um ítarefni á Neti og aðrar hugmyndir.
- **Verkefni á Neti**
- **Náms og kennsluaðferðir**

### Almennt um námsefnið

*Ekko* er ætlað sem grunnefni til dönskukennslu í 10. bekk grunnskóla. Efnið samanstendur af lesbók og tveimur vinnubókum, auk 55 hlustunaræfinga sem er hlaðið niður af heimasíðu Námsgagnastofnunar www.nams.is **Samtalsæfingar** til útprentunar og ljósritunar eru 24. **Sproghjørnet,** sem eru málnotkunaræfingar, **aukaæfingar** og **hlustunaræfingar** á pdf, eru einnig á vefnum til útprentunar og **hljóðbók** og **hlustunaræfingar** á **hljóðskrá** sem er hlaðið niður af www.nams.is beint á tölvu eða tónhlöðu. **Lausnir** verða á geisladiski en verða vistaðar á vefnum þangað til *Opgavebog B* er tilbúin.




Í vinnubókunum eru tákn sem gefa til kynna að með köflunum fylgi samtalsæfingar.

Í *Ekko* er mikil fjölbreytni i í textavali og í tegundum verkefna. Textarnir eru mismunandi að lengd og þyngd. Haft var að leiðarljósi að nemendur þjálfist bæði í mismunandi lestraraðferðum og að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi. Á eftir mörgum lestextum eru ritunarverkefni tengd orðaforða lestextanna og þemanu.

Hljóðbókinni sem fylgir með er ætlað að auðvelda nemendum með lestrarörðugleika dönskunámið.

Stafsetningarreglur eru samkvæmt reglum sem gefnar eru út af *Dansk sprognævn*: www.dsn.dk

### Nemendabókin

Lesbókin skiptist í átta þemu. Hvert þema hefur að geyma mismunandi texta, bæði að lengd og þyngd. Með hverjum texta eru nokkrar orðskýringar á dönsku, sem standa neðst á hverri síðu. Orðin sem eru útskýrð eru dökkletruð í textanum.





# Lærervejledninger

Með flestum textanna fylgja ritunaræfingar þar sem unnið er með orðaforðann í viðkomandi þema. Einnig eru í bókinni nokkrar talæfingar.

Í hverju þema er að finna nokkra stutta texta sem ekki tengjast sjálfu þemanu en eru settir með til gamans.

Í bókinni eru nokkrar smásögur. Við lestur smásagnanna lesa nemendur eflaust án þess að skilja hvert orð og þjálfast þannig í að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi textans.

Nemendabókin er ríkulega myndskreytt. Reynt var að láta myndir styðja lestextana og þannig að auðvelda nemendum að átta sig á efni textanna.

## Vinnubækur

Vinnubækurnar eru tvær. Í *Ogavebog A* eru æfingar úr fjórum köflum og í *Opgavebog B* eru verkefni úr seinni fjórum köflum bókarinnar.

Verkefnin í bókunum eru fjölbreytt og þeim er ætlað að tryggja fjölbreytni og gefa nemendum tækifæri til þess að að velja verkefni eftir færni hvers og eins. Hvort nemendur vinna öll verkefnin eða hluta þeirra hlýtur þó alltaf að vera í samráði við kennara. Aftast í kennsluleiðbeiningum með hverjum kafla er gátlisti sem kennarar geta nýtt sér við skipulag kennslunar eða dreift til nemenda.

Með lesskilningsverkefnunum eru nemendur þjálfaðir í ýmsum lestraraðferðum.

Með fjölbreyttum orðaforðaverkefnum er nemendum gert auðveldara að festa í minni lykilorð í textunum.

Verkefnin með hlustunaræfingunum eru misjöfn að þyngd og lengd, en samofin orðaforða í hverju þema fyrir sig. Áhersla er lögð á mismunandi skilning á því sem hlustað er á. Þegar hlustunaræfingar eru langar eða erfiðar fylgja oft undanverkefni. Þá fá nemendur tækifæri til að átta sig á grunnorðaforðanum áður en þeir hlusta.

Einnig má finna nokkrar stuttar ritunaræfingar í vinnubókinni, en þær eru alls staðar tengdar grunnorðaforðanum í þemanu og/eða köflunum.




Með hverju þema fylgja þrjár samtalsæfingar til útprentunar. Þær eru merktar með nafni og sérstöku tákni. (setja tákn hér)

## Verkefni á Neti

Með bókinni fylgir **Sproghjørnet** sem eru málnotkunarreglur og æfingar til útprentunar. Með hverju þema fylgja reglur um málnotkun sem svo er unnið með í æfingum sem einnig fylgja hverju þema. Lögð er áhersla á að vinna markvisst með tiltekin atriði á mismunandi hátt. Þar er tekið fyrir: dagar, tímasetningar, forsetningar, samtengingar o.fl. Einnig eru orðasambönd sem koma fyrir í þemunum tekin saman og sett inn í rammann um **Sproghjørnet**. **Aukaæfingar** á vef til útprentunar fylgja nokkrum textum bókarinnar.



# Lærervejledninger

## Náms- og kennsluaðferðir

Í *Ekko* er gert ráð fyrir að unnið sé með alla færniþætti og þeir fléttaðir saman. Þannig á kennslan að endurspegla eðlilega notkun tungumálsins. Það þarf þó að gæta þess að kennslan/námið einkennist ekki um of af einhliða færniþjálfun, heldur miði að því að gefa nemendum tækifæri til að nota málið sem tæki til tjáskipta.

Í *Ekko* er lögð áhersla á fjölbreyttar vinnuaðferðir. Gengið er út frá að nemendur vinni í pörum, hópum og hver fyrir sig, allt eftir eðli verkefna. Mörg verkefni fylgja hverjum kafla og þannig á að vera hægt að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Höfundar vilja hvetja kennara til að láta þó ekki stjórnast um of af kennslubókunum, en bæta sjálfir við fleiri mismunandi verkefnum, þar sem hvatt er til sköpunar og sjálfstæðra vinnubragða. Tungumálið er ekki viðfangsefni í sjálfu sér heldur lifandi og sveigjanlegt verkfæri sem nota má á ýmsa vegu. Þar er auðvelt að samþætta alla færniþættina og veita nemendum alhliða þjálfun og möguleika á fjölbreyttri útfærslu, t.d. við þemaverkefni (projektarbejde), stöðvavinnu, tölvutengd verkefni, samþætt verkefni o.s.frv .

## Lestur

Við lestur eykst máltilfinning og því meira sem lesið er því meira bætist við orðaforðann. Eitt af því sem auðveldar tök á lestri er að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi. Í stað þess að nema staðar við hvert framandi orð er hægt að venja nemendur við að nota samhengi textans til að giska á annaðhvort orðin í kring eða víðara samhengi. Þetta virkjar nemendur og fær þá til að hugsa um textann í heild, ekki bara einstök orð. Ef ekki er hægt að finna merkingu orða út frá samhengi kemur orðabók að góðum notum.

**Til þess að auðvelda nemendum lestur á erlenda málinu má benda þeim á eftirfarandi:**

- Að skoða fyrirsagnir og myndir til að geta sér til um innihald textans.
- Að lesa textann yfir og reyna að skilja aðalinntak hans.
- Að rifja upp orð sem tengjast efninu.
- Að reyna að einblína ekki á orð sem nemendur skilja ekki, en frekar á þau orð sem þeir skilja.
- Að hvetja nemendur til að geta sér til um merkingu orða, áður en leitað er skýringa.
- Gott er að vinna með lesskilningsverkefnin um leið og textinn er lesinn.

## Hlustun

Til að auka skilning á töluðu máli þarf að hlusta mikið. Markmið með hlustun getur verið mismunandi og leiðir eru margar.

Við vinnslu verkefnanna í námsefninu er gott að hvetja nemendur til að lesa verkefnin yfir áður en hlustað er til að átta sig á innihaldi þess sem fjallað verður um.



# Lærervejledninger

**Nýir miðlar**

Með tilkomu nýrra miðla gefast miklir möguleikar á fjölbreytni í tungumáli og ekki síst í hlustun. Nú má fá flestar kvikmyndir á DVD, sem gerir mögulegt að hafa undirtextana á dönsku. Á Netinu má finna alls konar efni sem tengist námsefninu. Hægt er að hlusta á stutt fréttaskot sem finna má á síðum dagblaðanna. Einnig má hlaða niður efni frá dönskum sjónvarps- og útvarpsstöðvum. Hér má t.d. nefna:

Tv indslag fra Jyllandsposten http://jp.dk/jptv/

Korte TV nyheder http://www.dr.dk/nettv/update

DSB's reklamefilm med Harry og Bahnsen

http://www.dsb.dk/Om-DSB/DSB-i-medierne/Harry

Seneste reklamefilm http://www.danskespil.dk/service/video/video_senestefilm.html

Þá er að finna margs konar skemmtilegt efni á youtube, m.a. tónlistarmyndbönd. Tónlist höfðar til flestra og má útbúa margs konar verkefni til að vinna með söngtextana og nota þá sem hlustun.

**Hugmyndir að vinnu með tónlist og sönglagatexta**

- Raða erindum, sem búið er að rugla, í rétta röð.
- Innfyllingarverkefni, orðin gefin upp.
- Endursögn af texta.
- Myndum raðað eftir texta.
- Innihaldsspurningar á dönsku eða íslensku.
- Flokka orð eftir þemum.
- Flokka orð í orðablóm/hugarkort.
- Nemendur fá ljósrit af textabútum og verkefnið er að reyna að setja textann rétt saman. Farið er yfir með því að hlusta á lagið (einstaklings-, para- eða hópvinna).
- Nemendur semja nýjan texta við lag.
- Nemendur gera tónlistarmyndband.
- Nemendur kynna danskan söngvara, hljómsveit eða lag fyrir bekknum.
- Nemendur kynna danskt lag eða brot úr lagi fyrir bekknum.
- Hópvinna. Einn hópur velur sér hljómsveit eða söngvara og kynnir sér vel. Annar hópur undirbýr viðtal við hópinn. Nemendur kynna fyrir bekk eða öðrum hópum.

**Um orðaforða og ritun**

Það er talið árangursríkast að orðaforðinn sé þjálfaður í samhengi við færniþættina. Sýnt hefur verið fram á að orð lærast betur í merkingarlegu samhengi en ein og sér. Þess vegna er heppilegt að láta nemendur vinna t.d. með orðakort, orðtengslanet eða flokka skyld orð saman.


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850



# Lærervejledninger

Ritun er ein leið til að festa orðaforða í minni og er mikilvægt að venja nemendur við ákveðin vinnubrögð.

Ef nemendur eru óöruggir gagnvart ritun getur hjálpað að skrifa saman í pörum eða litlum hópum.

Gott er að þjálfa nemendur í að notast við ýmis hjálpargögn og styðjast við textann sem ritunin byggist á.

**Í ritun er gott að venja nemendur við að**

- nota orð og orðasambönd í textanum
- búa til orðablóm eða hugtengslakort áður en byrjað er að skrifa
- flokka hugmyndir
- nota ýmis hjálpargögn, t.d. orðabækur, netorðabækur, leitarvefi, málfræðibækur

## Um samtal og frásögn

Það er mikilvægt að nemendur fái að spreyta sig sem mest á samskiptum á erlenda málinu. Til þess að slíkt verði eðlilegur hluti námsins er nauðsynlegt að erlenda málið sé notað sem mest til samskipta. Kennari getur með góðu fordæmi hvatt nemendur til að tjá sig á dönsku og þannig aukið færni nemenda í tungumálinu hratt og örugglega.

- Talæfingin þarf að tengjast þeim orðaforða sem búið er að vinna með.
- Rifja þarf upp grunnorðaforða æfingarinnar fyrir samtal.
- Ekki gera of miklar kröfur til að nemendur tali alveg rétt.
- Varist að grípa fram í fyrir nemendum þegar þeir tala dönsku.
- Varist að leiðrétta nemanda sem er að tala. Algengustu villur má taka fyrir á töflu að æfingu lokinni.
- Munið að hvetja og hrósa nemendum.
- Ágætt er að prófa nemendur eftir talæfingar til þess að heyra hvernig þeim tókst til.

## Myndefni

Myndefni er mjög hentugt til tungumálakennslu, þar sem myndir höfða yfirleitt vel til nemenda. Flestir nemendur átta sig á myndefni og eiga auðvelt með að setja sig inn í aðstæður tengdar því. Í námsefninu er mikið af myndefni sem ætlað er að styðja við textana og um leið að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum. Markmið með myndefni getur verið að:

- Útskýra innihald texta og styðja við orðaforðatileinkun.
- Virkja bakgrunnsþekkingu nemenda.
- Hvetja, virkja og vekja áhuga nemenda.
- Þjálfa munnlega og skriflega færni.

**Sjá hugmyndir að vinnu með myndefni:**
http://www.nams.is/taenk/taenk_klb.pdf

Lærervejledninger





© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger

## Í þemanu er m.a. unnið með orðaforða tengdan:

- Lestri og lestrarvenjum.
- Dönsku skólakerfi.
- Námsgreinum.
- Skólaumhverfi.

## Hugmyndir að kveikju:

- Nemendur gera orðablóm tengt grunnorðaforða um skóla.
- Nemendur vinna með eigið umhverfi, þ.e. skólann. Þeir ganga um með kennara og ræða á dönsku um skólabygginguna og starfsfólk.
- Mynd af skólastofu varpað upp og umræða um það sem sjá má á myndinni.
- Mynd af dæmigerðum dönskum skólum varpað upp. Umræður um mun á íslenskum og dönskum skólabyggingum. www.google billedsøgning.dk – danske skoler

### Sproghjørnet

Með kaflanum fylgir **Sproghjørnet** sem eru málnotkunaræfingar á vef til útprentunar. Fremst í hverju **Sproghjørne** eru reglur sem síðan er unnið með í æfingunum sem á eftir koma. Með þessum kafla eru grunnreglur og þrjár æfingar.

## Lærervejledninger



# Læsestolen
Nemendabók bls. 4
Vinnubók bls. 5

### Lesbók
**Ritunaræfing bls. 4** – Nemendur skrifa 30 orð um lestrarvenjur sínar.

### Vinnubók
Með textanum eru þrjú verkefni í vinnubók.

# Når jeg læser
Nemendabók bls. 4
Vinnubók bls. 5–7

### Lesbók
**Ritunaræfing á bls. 4**. Nemendur skrifa um sínar lestrarvenjur. Um það bil 30 orð.

### Vinnubók
Með textanum eru fjögur verkefni í vinnubók.

# Det nye skoleår
Nemendabók bls. 5
Vinnubók bls. 7–10

### Lesbók
**Ritunaræfing bls. 5**. Nemendur setja sér fimm markmið fyrir komandi skólaár.

### Vinnubók
Með textanum eru fimm verkefni í vinnubók.
**Hlustunaræfing 1 bls. 10**

# Det danske skolesystem
Nemendabók bls. 6
Vinnubók bls. 10–12

### Lesbók
**Ritunaræfing á bls. 6**. Nemendur skrifa um íslenska skólakerfið. Upplýsingar eru á vef Menntamálaráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

Lærervejledninger

**Vinnubók**
Með textanum eru þrjú verkefni í vinnubók.
- **A – Aukaspurning**. Svarið um bekkinn er ekki í texta.

**Hlustunaræfing 2 bls. 20**
**Samtalsæfing 1 bls. 12** – I klasseværelset

## Samtaleøvelse 1–I klasseværelset
### Myndapúsluspil

**Markmið:**
- Að þjálfa orðaforða úr kaflanum.
- Að nemandi geti lýst atburðum og staðsetningu.
- Að þjálfa nemendur í að vinna saman að lausn verkefnis.

**Form: Paravinna**

**Undirbúningur:**
- Prenta út verkefnablað 1A og 1B.
- Helmingurinn af bekknum fær verkefni 1A, hinn helmingurinn 1B.
- Klippa verkefnablöð 1A niður eftir strikunum.
- Gott er að geyma klippimyndirnar til seinni tíma.

**Um æfinguna:**
- Nemandi A fær verkefni 1A sundurklippt.
- Nemandi B fær verkefni 1B, myndina í heild.
- Nemendur sitja hvor andspænis öðrum.
- Nemandi B lýsir fyrir A hvernig á að setja myndina saman.
- A getur spurt eins og hann vill.

*Ath. Best er að þeir nemendur sem hafa heila mynd snúi eins í skólastofunni, svo nemendur sjái ekki myndirnar hvor hjá öðrum.*



# Lærervejledninger

## Kære dagbog

Nemendabók bls. 7
Vinnubók bls. 12–16

### Vinnubók

Með textanum eru sex verkefni í vinnubók.

- **E og F** eru mjög léttar.

**Hlustunaræfing 3 bls. 24**

## Sød tøs blogger løs

Nemendabók bls. 8
Vinnubók bls. 17–20

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 8**. Æskilegt að ræða mun á bloggi og dagbók. Til að ná bloggi sem eðlilegustu er betra að vinna verkefnið í tölvu, þótt ekki sé um raunverulegt blogg að ræða.

### Vinnubók

Með textanum eru fimm verkefni.

- **C**. Nemendur eiga að skrifa textann eins jákvæðan og hægt er. Það þarf að breyta nafnorðum, sögnum og lýsingarorðum og jafnvel að umorða setningar.
- **D**. *Gad vide* getur reynst nemendum erfitt og framandi. Ef til vill þarf að taka fleiri dæmi áður en nemendur vinna verkefnið.
- **Spurning 6**. Nemendum gæti reynst erfitt að telja fögin. Ef til vill þurfa þeir að heyra bútinn með þessu svari tvisvar til þrisvar.

**Hlustunaræfing 4 bls. 20**
**Samtalsæfing 2 bls. 20**. Hvad ville der ske hvis …?

## Samtaleøvelse 2 – Hvad ville der ske hvis...?

### Umræður

**Markmið:**

- Að þjálfa orðaforða úr kaflanum.
- Að þjálfa nemendur í að skiptast á skoðunum og rökstyðja þær.

**Form: Para eða hópvinna**

**Undirbúningur:**

- Prenta út verkefnablöð 2A, 2B, 2C og 2D.


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger

- Klippa niður umræðuspjöld á verkefnablöðum.
- Hvert par eða hópur fær minnst eitt umræðuefni.

**Um æfinguna:**

1. Hvert par eða hópur fær eitt eða fleiri spjöld með umræðuefnum.
2. Hvert par eða hópur á að finna minnst sex jákvæðar eða neikvæðar staðhæfingar um efnið.
3. Nemendur kynna niðurstöður sínar fyrir öðrum hópum eða bekknum í heild.
4. Kennarar og nemendur geta einnig komið með hugmyndir að öðrum umræðuefnum. Sjá verkefnablað 2D.

## En skoledag

Lesbók bls. 9

Vinnubók bls. 21–22

### Vinnubók

Með textanum eru fjögur verkefni í vinnubók.

**Hlustunaræfing 5 bls. 22**. Gott væri að gera hlé á milli setninga svo nemendur átti sig betur á hverri setningu fyrir sig.

## Danske højskoler

Lesbók bls. 10–11

Vinnubók bls. 23–27

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 11**. Best er að skrá *højskoler* á leitarvef og fá þannig upp mismunandi skóla.

### Vinnubók

Með textanum eru átta verkefni.

- **E**. Gott getur verið að láta nemendur fylla út umsóknareyðublaðið í verkefni F áður en verkefni E er unnið.
- **G**. Sumum nemendum gæti reynst erfitt að skrifa ljóð. Þá má alveg eins skrifa setningar.
- **H**. Samvinna tveggja nemenda.

**Hlustunaræfing 6 bls. 26**

**Samtalsæfing 3 bls. 24.** Diktat



© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# SKOLELIV



## Lærervejledninger

### Á vef

Ein aukaæfing fylgir þessum texta. Nemendur eiga að nota upplýsingar í umsóknareyðublaðinu á bls. 25 í vinnubók til að leysa æfinguna.

## Samtaleøvelse 3 – Diktat

### Upplestur og innfylling

**Markmið:**

- Að þjálfa orðaforða úr kaflanum.
- Að þjálfa upplestur á dönsku.
- Að þjálfa hlustun á dönsku.
- Að þjálfa réttritun.

**Form: Paravinna**

**Undirbúningur:** Prenta út verkefnablað 3A og 3B.
Helmingur hópsins fær 3A og hinn helmingurinn 3B.

**Um æfinguna:**

- Nemandi A les upp texta á verkefnablaði 3A fyrir nemanda B.
- B fyllir inn í eyðurnar á sínu blaði.
- Nemandi B les upp texta á verkefnablaði 3B fyrir nemanda A.
- A fyllir inn í eyðurnar á sínu blaði.
- Nemendur bera saman lausnirnar og leiðrétta eftir þörfum.

## Historieroulette

Lesbók bls. 12
Samvinna tveggja nemenda eða fleiri sem búa til sögu með hjálp tenings.

## Tænk bare ...

## – "Elefantisk"

Lesbók bls. 13
Vinnubók bls. 27–28

Orðið elefantisk er hálfgert orðskrípi, sem notað er til gamans. Til er orðið elefantastisk sem merkir stórkostlegt.
Elefantisk hefur svipaða merkingu.


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850



## Lærervejledninger

### Vinnubók
Með textanum eru tvö verkefni.

- C. Myndaæfingin er hugsuð til að láta nemendur nota orð í textanum, t.d. hjerne – elefant – vejer o.s.frv.

### Á vef
Tvær aukaæfingar eru með þessum texta.

## – Mange kilometer tanker
Lesbók bls. 13

Vinnubók bls. 28

### Vinnubók
Með textanum eru tvö verkefni í vinnubók.

## – Kanin skyder man
Lesbók bls. 13

Vinnubók bls. 28

### Vinnubók
Með textanum er eitt verkefni í vinnubók.

### Á vef
Tvær aukaæfingar eru með þessum texta.

## Fróðleikur



### Om folkeskolen
Folkeskolen er den offentlige grundskole i Danmark.

Folkeskolen er en ud af flere skoletyper, der går under betegnelsen grundskolen. Grundskolen giver adgang til ungdomsuddannelser og tager sig af undervisning af børn mellem seks og 17 år og omfatter også de frie grundskoler og efterskoler.

Undervisningspligten begynder i august det kalenderår, barnet fylder syv år. Fra den 1. august 2009 blev undervisningspligten udvidet fra ni til ti år. Det betyder blandt andet, at folkeskolen omfatter en 10-årig grundskole bestående af en børnehaveklasse og 1.–9. klasse samt en 1-årig 10. klasse. Undervisningspligten indtræder således også et år tidligere, det vil sige i august i det kalenderår, hvor barnet fylder seks år. (*Hentet på undervisningsministeriet hjemmeside d.18. juni 2009.*)


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger

## Tengt efni útgefið af Námsgagnastofnun

*Hvad siger du C*
Elísabet Valtýsdóttir og
Vilborg Ísaksdóttir
Lytteøvelser bls. 15, 16, 17

***Og det er Danmark: DVD og verkefnamappa***
Vefefni: http://www.nams.is/allt-namsefni/vorunr/3012
Elísabet Valtýsdóttir, Erna Jessen og
Hlín Helga Pálsdóttir
Sådan er min skole æfing 10
For sent i skole æfing 11

*Snak løs*
Birte Harksen
bls. 19, 20, 22, 24 og 60

*Sådan C*
Annelise Larsen Kaasgaard
og Guðlaug Gunnarsdóttir
Verkefnið Bogorm bls. 12

*Superdansk*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir
Lesbók bls. 105–121, vinnubók bls. 90–101

*Grammatik (handbók)*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir

*Grammatik 1 – vefefni*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik1

*Grammatik 2 – vefefni*
Linda Sigurðardóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik12

*God bedre bedst (kennsluforrit/vefefni)*
Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir
Skole. www.nams.is/GBB


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

## Gátlisti

| Æfing | Bls. | Allir | Getur | Lokið |
|---|---|---|---|---|
| **Indgang** | | | | |
| Hvad taler de om. | 4 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Læsestolen** | **5** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Find ord i teksten som kan forbindes med. | 5 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Skriv sætningen med modsat betydning. | 5 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Kassen indeholder en sætning. | 5 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Når jeg læser** | **5–7** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Sæt kryds ved det rigtige svar. | 5 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Krydsord. | 6 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Skriv 5 sætninger. | 6 | ☐ | ☐ | ☐ |
| D. Skriv sætningerne færdige. | 7 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Det Nye skoleår** | **7–10** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Besvar spørgsmålene på dansk. | 7 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Find navneord i teksten. | 8 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Dan par af ord med den samme betydning. | 9 | ☐ | ☐ | ☐ |
| D. Skriv 4 sætninger med at gøre sig umage. | 9 | ☐ | ☐ | ☐ |
| E. Skriv 5–6 sætninger. | 9 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Lytteøvelse 1 | 10 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Det danske skolesystem** | **10–12** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Skriv sætningerne færdige. | 10 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Sæt kryds ved de rigtige skoler. | 11 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Sæt ring om det ord, som ikke passer med de andre. | 12 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Lytteøvelse 2 | 12 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Samtaleøvelse 1 | 12 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Kære dagbog** | **12–16** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Hvad passer om hvem? Sæt kryds. | 12 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. I hvilke undervisningstimer bliver følgende sagt? | 13 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Dan par af ord med modsat betydning. | 14 | ☐ | ☐ | ☐ |
| D. Skriv negative og positive sætninger om skolen. | 14 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Lytteøvelse 3 | 15 | ☐ | ☐ | ☐ |
| E. Find alle de ting på billedet ... | 16 | ☐ | ☐ | ☐ |
| F. Skriv 3 sætninger med så mange T-ord som muligt. | 16 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Sød tøs blogger løs** | **16–20** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Besvar spørgsmålene på dansk. | 17 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Find mindst 6 positive adjektiver i teksten. | 17 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Skriv teksten om. | 18 | ☐ | ☐ | ☐ |

© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# SKOLELIV

| Æfing | Bls. | Allir | Getur | Lokið |
|---|---|---|---|---|
| D. Skriv sætningerne om. | 18 | ☐ | ☐ | ☐ |
| E. Kryds og tværs. | 19 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Lytteøvelse 4 | 20 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Samtaleøvelse 2 | 20 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **En skoledag** | **21–22** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Sæt kryds ved rigtigt eller forkert. | 21 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Find den rigtige slutning til hver sætning. | 21 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Lytteøvelse 5 | 21 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Dan par af sætninger. | 22 | ☐ | ☐ | ☐ |
| D. Skriv de rigtige ord ind i kasserne. | 22 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **De danske højskoler** | **23–27** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Sæt kryds ved rigtigt eller forkert. | 23 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Dan par af de danske og islandske ord. | 23 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Sæt ring om de ord, som ikke passer. | 24 | ☐ | ☐ | ☐ |
| D. Par ord og linje sammen. | 24 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Samtaleøvelse 3 | 24 | ☐ | ☐ | ☐ |
| E. Forestil dig, at du skal på Idrætshøjskolen i Århus. | 25 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Lytteøvelse 6 | 26 | ☐ | ☐ | ☐ |
| G. Bogstavdigt. | 27 | ☐ | ☐ | ☐ |
| H. Du har 10 minutter til at finde fem ting… | 27 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Tænk Bare "Elefantiskt"** | **27–28** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Sæt kryds ved rigtigt eller forkert. | 27 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Skriv mindst en sætning om hvert billede. | 28 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Tænk bare ´Mange kilometer tanker** | **26** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Besvar spørgsmålerne på dansk. | 28 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Lav så mange ord som muligt. | 28 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Kanin skyder mand** | **28** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Svar spørgsmålerne. | 28 | ☐ | ☐ | ☐ |


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger

## Í þemanu er m.a. unnið með orðaforða tengdan:

- Íþróttum.
- Hreyfingu.
- Heilbrigðum lífsstíl.

## Hugmyndir að kveikju:

- Umræður um holla hreyfingu.
- Kennari spyr: Hvem går til sport? Hvilke sport? Hvor ofte? o.s.frv. Kennari skrifar svör á töfluna. Nemendur geta flokkað orðin eftir eðli þeirra. Udendørs – indendørs o.s.frv.
- Kennari spyr: Fyrir hvaða íþróttir eru Danir þekktastir – og Íslendingar?
- Nemendur gera orðablóm tengt hreyfingu og/eða íþróttum.

### Sproghjørnet

Með kaflanum fylgir **Sproghjørnet** sem eru málnotkunaræfingar á vef til útprentunar. Fremst í hverju **Sproghjørne** eru reglur sem síðan er unnið með í æfingunum sem á eftir koma. Með þessum kafla eru grunnreglur og þrjár æfingar.

# Lærervejledninger

## Seks gode grunde til að bevæge dig

Lesbók bls. 12
Vinnubók bls. 29–30

### Vinnubók

Með textanum eru þrjú verkefni.
**Hlustunaræfing 7 bls. 29**

## Det er vigtigt at røre sig, fordi ...

Lesbók bls. 14
Vinnubók bls. 30–32

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 14**. Ef til vill mætti fara yfir hvernig hægt er að rökstyðja á dönsku og fara yfir orðatiltækin: Jeg synes, jeg mener – jeg tror – min mening er. Einnig þurfa nemendur að geta notað fordi og da.

### Vinnubók

Með textanum eru fjórar æfingar.

- **D**. Gott er að tala á dönsku um myndasöguna áður en nemendur byrja að skrifa. Mikilvægt að nemendur taki saman orð sem þeir ætla að nota í rituninni eða skrifi orðablóm. Þannig mun ritunin reynast auðveldari.

**Hlustunaræfing 8 bls. 31–32**

- **Før du lytter**. Þar sem hlustunaræfingin er frekar erfið er mikilvægt að nemendur vinni þetta verkefni áður en þeir hlusta til þess átta sig á grunnorðaforða.

## Motion er mange ting

Lesbók bls. 15
Vinnubók bls. 33–36

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 17**. Þessa æfingu er hentugt að nota með þessum texta. Sjá nánar **Tænk bare …**

### Vinnubók

Með textanum eru níu æfingar

- **E**. Er um Asger
- **F**. Er um Naja
- **G**. Er um Simon


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



**Hlustunaræfing 9 bls. 36**
**Samtalsæfing 4 bls. 36** – Find en klassekammerat som …

## Á vef
Með þessum texta er ein aukaæfing.

## Samtaleøvelse 4 – Find en klassekammerat som …

**Markmið:**
- Að þjálfa orðaforða úr kaflanum.
- Að þjálfa samtal um algengar íþróttir.

Tegund: Nemendur ganga um stofuna og spyrja hver annan spurninga.

**Form:**
- Allur bekkurinn tekur þátt.
- Pör skiptast á upplýsingum.

**Undirbúningur:**
Prenta út verkefnablað 4A, 4B og 4C.
Allir nemendur fá verkefnablöð 4A, 4B og 4C.

**Um æfinguna:**
1. Nemendur ganga á milli bekkjarfélaga sinna og reyna að finna einhvern sem getur svarað spurningum um það efni sem tekið er fyrir.

## Tænk bare …
Lesbók bls. 17
Vinnubók bls. 37

## Lesbók
**Ritunaræfing bls. 17**. Ástæða er til að hvetja nemendur til að skrifa um alls konar hreyfingu þótt þeir stundi engar íþróttir. Þetta getur verið að taka til, fara út í búð, ganga í skólann, skólaíþróttir o.s.frv.

## Vinnubók
Með textanum eru tvær æfingar.
- **A**. Ef nemendur eiga erfitt með að finna orð sem ríma getur verið gott að kennari geri þetta fyrst munnlega með nemendum.

# OM SPORT OG MOTION



## Lærervejledninger

## Sådan kommer du i gang med at motionere

Lesbók bls. 18–19
Vinnubók bls. 37–40

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 19**. Nemendur eiga að skrifa texta með hliðsjón af myndinni á bls. 18.
**Samtalsæfing bls. 19**. Benda má nemendum á að skrifa niður stikkorð, eða spurningarnar, áður en þeir byrja ef þeir eru óöruggir.

### Vinnubók

Með textanum eru fimm æfingar.
**Hlustunaræfing 10 bls. 40**

## En mand i kamp mod en krokodille

Lesbók bls. 20
Vinnubók bls. 40–41

### Vinnubók

Með textanum eru þrjár æfingar.

- **C**. Hér má hvetja nemendur til að skrifa fleiri en sex setningar. Þessi æfing gefur mikla möguleika á að vinna með orðin. Einnig má hugsa sér að nemendur vinni í pörum og jafnvel hafa keppni milli para um hverjir finna flestar setningar. Það má einnig búa til sögu. Þá finnur hvert par/hópur eina setningu, næsti hópur finnur aðra sem passar við o.s.frv.

## Skud i støvlen

Lesbók bls. 20
Vinnubók bls. 42–43

### Vinnubók

Með textanum eru fjórar æfingar
**Hlustunaræfing 11 bls. 43**
**Samtalsæfing 5 bls. 43** – Find 5 ord …

### Á vef

Með þessum texta er ein aukaæfing.


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850



# Lærervejledninger

## Samtaleøvelse 5 – Find 5 ord ...

**Orðaleikur**

**Markmið: Að þjálfa orðaforða úr kaflanum**

**Form: Hópvinna**

**Undirbúningur:**
Prenta út verkefnablað 5 handa öllum nemendum.

**Um æfinguna:**

1. Nemendur fá allir verkefnablað 5.
2. Nemendur fá 20 mínútur til að vinna saman að því að finna fimm orð yfir það sem beðið er um á verkefnablaðinu.
3. Nemendur geta notað lesbókina sér til hjálpar.
4. Þegar tíminn er útrunninn fer kennari yfir svör hópanna og skráir stig á töflu.
5. Hver hópur fær eitt stig fyrir rétt orð og fimm stig fyrir orð sem enginn annar hópur er með.
6. Sá hópur sem fær flest stig sigrar.

## Historieroulette

Lesbók bls. 21

Samvinna tveggja nemenda eða fleiri sem búa til sögu með hjálp tenings.
Sagan á að vera minnst 80 orð.

## Sport for alle

Lesbók bls. 22–23
Vinnubók bls. 44–48

### Lesbók

**Samtalsæfing bls. 23**. Sams konar æfingu má einnig hafa um íþróttahluti, íþróttaföt o.s.frv. Svipaða æfingu má nota víðar í bókinni og aðlaga hana þeim orðaforða sem verið er að vinna með hverju sinni.
**Ritunaræfing bls. 23**. Nemendur þurfa að nota Netið til að afla sér upplýsinga.




### Vinnubók

Með textanum eru átta æfingar.

- **H**. Nemendur raða inn orðunum eins og dómínói. Eins og sést á dæminu í bókinni passar kubbur sem byrjar á **briller** við kubb sem endar á **ski**. Svona vinna nemendur sig allan hringinn með því að finna út orð sem þeir geta sett saman.

**Hlustunaræfing 12 bls. 48** – Æfingin er löng og það þarf að skrifa nokkuð mikið. Því getur verið gott að gera hlé á eftir hverri persónu í æfingunni svo nemendur nái að skrifa.

## Jeg kan godt slå fra mig

Lesbók bls. 24–25

Vinnubók bls. 50–53

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 25** – Þótt nemendur stundi ekki íþróttir ættu þeir allir að geta skrifað um eitthvað sem tengist hreyfingu. Til dæmis að ganga í skóla, fara út í búð o.s.frv.

**Samtalsæfing bls. 25** – Æfinguna má taka í pörum, hópum eða yfir allan bekkinn. Nemendur geta tekið eitthvað upp úr íþróttatöskunni og talað um það. Einnig má hugsa sér að kennari komi með hluti og nemendur fái hluti til að tala um. Þessa æfingu má nota í öðrum þemum með öðrum orðaforða.

### Vinnubók

Með textanum eru átta æfingar.

- **C**. Athugið að í hverri setningu á að taka eitt orð úr hvorum kassa. Styttri línurnar eru fyrir litlu orðin.
- **G**. Möguleikar á lýsingarorðum eru margir. Sum orðanna má nota oft og önnur jafnvel ekki.
- **H**. Úr orðinu boksehandsker á að vera hægt að finna tölu, dýr, íþrótt o.s.frv. eins og stendur neðst í verkefninu.

**Samtalsæfing 6 bls. 53**. Snak i 1 minut

### Á vef

Með textanum er ein aukaæfing.

Aukaæfingin er þyngri útfærsla á **æfingu E** á bls. 51 í vinnubók.



© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



## Samtaleøvelse 6 – Snak i 1 minut

**Framsögn**

**Markmið:**

- Að þjálfa orðaforða um íþróttagreinar á eigin forsendum.
- Að þjálfa frásögn á dönsku.
- Að þjálfa framsögn.

**Form: Para- eða hópvinna**

**Undirbúningur:**

- Prenta út verkefnablað 6.
- Nóg er að prenta fyrir hálfan bekk, þar sem tvö verkefni eru á blaði.

**Um æfinguna:**

- Hver nemandi velur sér eina íþróttagrein og talar um hana í eina mínútu.
- Þegar mínútan er liðin geta hinir nemendurnir giskað á um hvaða íþróttagrein var verið að tala.
- Skipa þarf tímaverði.

## Han har cross i blodet

Lesbók bls. 26–27
Vinnubók bls. 53–56

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 27**. Nemendur þurfa að byrja á að búa til hugarkort, eins og í dæminu, þar sem þeir skrifa orð og orðasambönd sem tengjast því sem þeir ætla að skrifa.

### Vinnubók

Það eru fimm æfingar með textanum.

- **E**. Sum orðin geta verið á fleiri en einum stað. T.d. aktiv (bæði andlega og líkamlega). Hugsanlega má nota orðin á fjölbreyttari hátt, til dæmis velja fimm orð og skrifa setningar.

## Bjerget

Lesbók bls. 28–29
Vinnubók bls. 57–58

© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850



## Lærervejledninger

### Lesbók
Í bókinni er fyrri hluti sögunnar **Bjerget**. Seinni hlutinn er **hlustunaræfing 13**.

### Vinnubók
Með textanum eru tvær æfingar.

**Hlustunaræfing 13 bls. 58**

- **Bjerget**. Fyrri hluti sögunnar er í lesbók en seinni hlutinn er **hlustunaræfing 13**. Ekki eru nein verkefni sem á að vinna á undan þessari sögu. Ef nemendum reynist sagan erfið getur verið gott að vinna með lykilorðin áður en nemendur lesa söguna.

## Tengt efni gefið út af Námsgagnastofnun

*Hvad siger du C*
Elísabet Valtýsdóttir og
Vilborg Ísaksdóttir
Lytteøvelser 2 og 3

*Og det er Danmark: DVD/Niðurhlað og verkefnamappa*
Vefefni: http://www.nams.is/allt-namsefni/vorunr/3012
Elísabet Valtýsdóttir, Erna Jessen og
Hlín Helga Pálsdóttir
Æfing 19 – Fritidsinteresser

*Snak løs*
Birte Harksen
Sport bls. 37, 38, 39 og 40

*God nok på nettet – sport*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir
http://www.namsgagnastofnun.is/god_nok/index.htm

*Superdansk*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir
Lesbók bls. 17–22, vinnubók bls. 16–22

*Grammatik (handbók)*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir

*Grammatik 1 – vefefni (pdf)*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik1

*Grammatik 2 – vefefni (pdf)*
Linda Sigurðardóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik12

*God bedre bedst (kennsluforrit/vefefni)*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir
Fritidsinteresser: www.nams.is/GBB


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

## Gátlisti

| Æfing | Bls. | Allir | Getur | Lokið |
|---|---|---|---|---|
| **Seks gode grunde til at bevæge sig** | **29–30** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Skriv sætningerne færdige. | 29 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Lav ordene om til navneord. Brug endelserne i kassen. | 29 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Lytteøvelse 7 | 29 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Alfabet. | 30 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Det er vigtigt at røre sig, fordi …** | **30–30** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Lav sammensatte ord. | 30 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Sæt kryds ved rigtigt eller forkert. | 30 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Skriv sætningerne færdige. | 31 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Lytteøvelse 8 | 31 | ☐ | ☐ | ☐ |
| D. Billedserie | 30 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Motion er mange ting** | **33–36** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Dan par af de danske og de islandske ord. | 33 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Skriv sætningerne færdige. Brug ordene i kassen. | 33 | ☐ | ☐ | ☐ |
| C. Besvar spørgsmålene på dansk. | 33 | ☐ | ☐ | ☐ |
| D. Besvar spørgsmålene på islandsk. | 34 | ☐ | ☐ | ☐ |
| E. Sæt kryds ved det rigtige svar. | 34 | ☐ | ☐ | ☐ |
| F. Find den rigtige slutning til hver sætning. | 34 | ☐ | ☐ | ☐ |
| G. Skriv de rigtige ord på linjerne. | 35 | ☐ | ☐ | ☐ |
| H. Hvem siger hvad? Sæt kryds. | 35 | ☐ | ☐ | ☐ |
| I. Sæt ring om det overordnede ord på linjen. | 36 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Lytteøvelse 9 | 36 | ☐ | ☐ | ☐ |
| • Samtaleøvelse 4 | 36 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Tænk bare …** | **37** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Find ord, der rimmer með de framhævede ord. | 37 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Til hvilken tekst i læsebogen … | 37 | ☐ | ☐ | ☐ |
| **Sådan kommer du i gang med at motionere** | **37–40** | ☐ | ☐ | ☐ |
| A. Find de danske ord i texten. | 37 | ☐ | ☐ | ☐ |
| B. Sæt kryds ved rigtigt eller forkert. | 38 | ☐ | ☐ | ☐ |
Með textanum eru fimm verkefni.

**Hlustunaræfing 35 bls. 33**. Stutt glæpasaga og krossaspurningar.

# KRIMINALITET

## Lærervejledninger



## En dreng fængslet for at kysse

Lesbók bls. 61

Vinnubók bls. 24–26

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 61**. Paravinna. Nemendur skrifa lokin á sögunni og lesa fyrir bekkinn sem síðan velur besta endinn. Auka ritunarverkefni gæti verið að skrifa um myndina á blaðsíðunni.

### Vinnubók w

Með textanum eru sex verkefni.

- **D** og **E**. Verkefnin eru nokkuð þung.

### Á vef

Með textanum eru tvö létt aukaverkefni.

## Kriminalitet på nettet

Lesbók bls. 62–63

Vinnubók bls. 26–29

### Lesbók

Í textanum koma fyrir mörg orð sem tengjast tölvum og tölvunotkun. Það gæti verið ástæða til að skoða þau nánar, skrifa þau í orðablóm eða dálk og vinna með þau í mismunandi samhengi.

**Ritunaræfing bls. 63**. Nemendur skrifa frásögn í 1. persónu.

### Vinnubók

Með textanum eru sjö verkefni.

- E. Táknin standa fyrir ákveðna bókstafi. Þegar þeim er skipt út fyrir bókstafi skýrist innihalds bréfsins og hægt er að svara spurningunum úr því.
- F. Verkefnið er tvíþætt. Í fyrsta lagi á að raða orðunum upp á nýtt svo þau myndi setningar. Í öðru lagi á að tengja setningarnar við persónurnar á myndunum.



© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger

**Á vef**
Samtalsæfing 15 bls. 29.

## Samtaleøvelse 15 – Gæt ordene

**Orðaleikur**

**Form: Paravinna**

**Undirbúningur:** Prenta út verkefnablöð 15A og 15B. Helmingur bekkjarins fær verkefni A og hinn helmingurinn B.

**Um æfinguna:**
- Nemandi A fær vinnublað A. Nemandi B fær vinnublað B.
- Nemandi A á að útskýra 10 orð á dönsku án þess að nefna sjálf orðin.
- Nemandi B á að finna út hvaða orðum nemandi A lýsir og skrifa þau inn í kassana.
- Nemendur skipta um hlutverk.

**Markmið:**
- Að geta útskýrt merkingu orðs án þess að nefna orðið sjálft.
- Að geta notað orðaforða úr þemanu.
- Að hlusta á orðaskýringu.
- Að spyrja um einfaldar upplýsingar.

## Hjalp með opklaring af mord

Lesbók bls. 64
Vinnubók bls. 30–32

**Vinnubók**
Með textanum eru fimm verkefni.
**Hlustunaræfing 36 bls. 32**. Ekki kemur fram í fyrirmælum hvort nemendur eigi að skrifa á dönsku eða íslensku. Kennari metur hvort hentar betur.

## Hvem er tyven

Lesbók bls. 65
Vinnubók bls. 33

© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



### Lesbók
Textinn er gáta. Nemendur eiga að geta sér til út frá texta og mynd hver þjófurinn er. Myndirnar geta gefið tilefni til margs konar verkefnavinnu. Dæmi. Nemendur geta t.d. skrifað eða sagt frá mannlýsingum, hvað gerðist á undan, hvað gerist á eftir, sögu hinna ýmsu persóna o.s.frv.

### Vinnubók
Með textanum eru þrjú verkefni.

## Det borende x
Lesbók bls 66

Vinnubók bls. 34–37

### Lesbók
**Ritunaræfing bls. 66**. Nemendur skrifa frétt. Það má benda nemendum á að skoða fréttir í blöðum eða á Netinu áður en þeir byrja að skrifa, til að þeir átti sig á uppsetningu frétta.

### Vinnubók
Með textanum eru fimm verkefni.

**Hlustunaræfing 37 bls.** 36. Samtal um rán í búð, krossaspurningar.

## Elvira Madigan
Lesbók bls 67

Vinnubók B bls. 37–39

### Lesbók
**Ritunaræfing bls. 67**. Nemendur velja á milli 1 og 2. Ef þeir velja 2 þá þurfa þeir að nota hugmyndaflugið og skálda ævisögu Gisellu.

### Vinnubók
Með textanum eru þrjú verkefni.

- B. Nemendur geta trúlega skrifað fleiri setningar en pláss er fyrir á línunum og geta þá ef til vill lokið við verkefnið í stílabók eða á blaði.
- C. Í fyrirmælunum með nr. 1 kemur fram að nemendur skuli styðjast við æfingu C. **Rétt er að nemendur eiga að styðjast við æfingu B á sömu blaðsíðu**.

**Hlustunaræfing 38 bls. 38**. Áður en hlustað er getur verið gott að ræða orðið nabo (nágranni) og genbo (íbúi á móti). Einnig væri hægt að nota tækifærið til að fara í orðin underbo (íbúi á hæðinni fyrir neðan) og overbo (íbúi á hæðinni fyrir ofan).



© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



### Á vef
Eitt aukaverkefni er með textanum.

## Om tyve og tyverier
Lesbók bls. 68

Vinnubók bls. 39–42

### Lesbók
Þetta eru fjórir stuttir textar, nemendur þurfa að lesa þá alla áður en þeir vinna verkefni í vinnubók.

### Vinnubók
Með textunum eru sex verkefni.

**Hlustunaræfing 39 bls. 41**. Nemendur hlusta á fjórar stuttar fréttir.

## Feriepenge
Lesbók bls. 69

Vinnubók bls. 42–43

### Lesbók og vinnubók
Smásagan er frekar létt og hugsuð til hraðlesrtar. Í hraðlestri á ekki að þurfa að þýða textann frá orði til orðs. Gert er ráð fyrir að nemendur skilji samhengi sögunnar og aðalatriði. Verkefnin tvö í vinnubókinni miðast við það.

### Á vef
Með textanum er eitt aukaverkefni á vef. Nemendur skrifa stutta endursögn úr textanum.

## Kinesisk major var ikke mand
Lesbók bls. 70

Vinnubók bls. 44–45

### Lesbók
**Ritunaræfing bls. 70**. Orðin sem vinna á með í rituninni þurfa ekki endilega að koma fyrir í sömu röð, tíð eða tölu og í bókinni.

© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



### Vinnubók
Með textanum eru fjögur verkefni.

- B. Hægt er að finna önnur viðeigandi nafnorð en þau sem eru í textanum t.d. charmere: charmør – charmetrold …

**Hlustunaræfing 40 bls. 45**. Tvö samtöl, nemendur hlusta og klára svo setningarnar í æfingunum.

## En hund kører bil
Lesbók bls. 70

Vinnubók bls. 45–46

### Vinnubók
Með textanum eru þrjú verkefni.

- C. Mælt er með að farið sé í sagnir tengdar myndunum áður en nemendur byrja að skrifa.

### Á vef
Með textanum er eitt aukaverkefni.

## Et nemt offer
Lesbók bls. 71–75

Vinnubók bls. 47

Smásagan er hugsuð til hraðlestrar. Í hraðlestri á ekki að þurfa að þýða textann frá orði til orðs. Gert er ráð fyrir að nemendur skilji samhengi sögunnar og aðalatriði. Verkefnin þrjú miðast við það. Nemendur vinna fyrstu æfinguna áður en þeir lesa söguna.


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger

## Tengt efni

***Hvad siger du C***
Elísabet Valtýsdóttir og Vilborg Ísaksdóttir
Forskellige oplevelser, lytteøvelse 23

***Snak løs,*** samtalsæfingar til ljósritunar
Birte Harksen
Fang forbryderen s 44–46
Kennsluleiðbeiningar eru á vef Námsgagnastofnunar www.nams.is

***Og det er Danmark, DVD og verkefnamappa***
Vefefni: http://www.nams.is/allt-namsefni/vorunr/3012
Elísabet Valtýsdóttir, Erna Jessen og Hlín Helga Pálsdóttir
Hvor ligger? Opgave nr. 6

***Sådan, verkefni á vef***
Annaelise Larsen Kaasgaard og Guðlaug Gunnarsdóttir
Vefefni: http://www.nams.is/danska/sadan/sadan_c.pdf

***Grammatik, handbók um danska málfræði***
Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir

***Grammatik 1, verkefni til útprentunar***
Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik1
Lausnir fást hjá Námsgagnastofnun.

***Grammatik 2, verkefni til útprentunar***
Linda Sigurðardóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik12
Lausnir fást hjá Námsgagnastofnun.

# Lærervejledninger

## Í þemanu er m.a. unnið með orðaforða:

- Samtölum.
- Samskipti tengd nýjum miðlum.
- Sendibréfum.

## Hugmyndir að kveikju:

- Umræða um hvernig samskipti geta farið fram.
- Nemendur skrifa niður orð tengd samskiptum, t.d. að heilsa, kveðja, ávarpa á netmiðlum og í sendibréfum, biðja um e-ð og þakka fyrir o.s.frv.
- Ræða nýjar tegundir samskipta t.d. á neti og í síma.
- Ræða um myndir sem tengjast samkiptum, sjá google- billedsøgning – kommunikation.

### Sproghjørnet

Með kaflanum *Kommunikation* fylgir **Sproghjørnet** sem eru málnotkunarverkefni á vef til útprentunar. Fremst í hverju **Sproghjørne** eru reglur sem síðan er unnið með í æfingunum sem á eftir koma. Með þessum kafla eru grunnreglur og sex verkefni.



© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



## Sprogmirakler

Lesbók bls. 76

Vinnubók bls. 48–49

### Lesbók

**Tal og skriv bls. 76**. Hér eru tvö verkefni. A er orðaleikur. B er ritunarverkefni. Á Netinu eru margar krækjur með rim og remser t.d. *rimogremser.dk*. Þar má m.a. finna gömul rím, söngva og söngvaleiki.

### Vinnubók

Með textanum eru fjögur verkefni.

**Hlustunaræfing 41 bls. 49**. Nemendur hlusta og finna orð sem vantar.

## Tænk før du taler

Lesbók bls. 77

Vinnubók bls. 50–52

### Lesbók

**Ritunaræfing bls 77**. Nemendur velja annaðhvort verkefni 1 eða 2. Nemendur geta einnig samið leikþátt út frá myndinni og sýnt bekknum.

### Vinnubók

Með textanum eru þrjú verkefni.

- **C**. Verkefnið er þungt. Benda má nemendum á að styðjast við orð og orðasambönd úr textunum og verkefni B.

**Hlustunaræfing 42 bls. 51**. Æfingin er í tveimur hlutum, A og B. Í A er textinn sem lesinn er upp samfelldur en í B eru stakar setningar lesnar upp. Mælt er með að nemendur ljúki fyrst við æfingu A áður en byrjað er á æfingu B.

## Skøre skiderikker

Lesbók bls. 78

Vinnubók bls. 52

### Lesbók

Orðið *skiderik* þýðir skítalabbi.

Hugsanlega mætti nota myndirnar með textanum í ritunarverkefni eða talæfingu. Nemendur gætu t.d. skrifað um, rætt eða leikið deiluefni flóðhestanna.

© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



### Vinnubók
Með textanum er eitt verkefni.

## Kvinde tilgiver gorilla på flugt
Lesbók bls. 78

Vinnubók bls. 52–53

### Vinnubók
Með textanum eru fjögur verkefni.

### Á vef
Samtalsæfing 16 bls. 52.

## Samtalsæfing 16 – Løgn eller sandhed
### Frásagnarleikur

**Markmið:**
- Að geta sagt frá sjálfum sér á dönsku.
- Að geta notað orðaforða sem tengist daglegu lífi.
- Að hlusta á frásögn.

**Form: Bekkjarleikur**

**Undirbúningur:**

Prenta út verkefnablað 16. Allir nemendur fá eitt verkefni.

**Um æfinguna:**
- Hver nemandi á að segja frá sjálfum sér. Hann þarf að nefna fernt. Þrennt er satt en eitt er ósatt.
- Áður en leikurinn hefst skrifar hver nemandi stikkorð um sjálfan sig á verkefnablað.
- Nemendur setjast í hring.
- Hver nemandi segir frá sjálfum sér. Þrennt sem er satt og eitt sem er ósatt,
- Hinir nemendurnir ræða sín á milli hvað er satt og hvað er logið og koma með uppástungu um hvað er ósatt.
- Nemandinn gefur upp rétt svar.



© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

Lærervejledninger

# Løgn eller sandhed

Lesbók bls. 79
Vinnubók bls. 53–54

## Lesbók

Myndina mætti nota sem verkefni til ritunar.

## Vinnubók

Með textanum eru þrjú verkefni.

## Á vef

Samtalsæfing 17 bls. 54.

## Samtalsæfing 17 – Små rollespil

### Hlutverkaleikur

**Markmið:**

- Að þjálfa samtal.
- Að geta brugðist munnlega við aðstæðum í daglegu lífi.
- Að þjálfa algengan orðaforða úr daglegu lífi.

**Form: Paravinna**

**Undirbúningur:**

Prenta út verkefnablöð 17A og 17B. Helmingur bekkjarins fær verkefni A og hinn helmingurinn B.

**Um æfinguna:**

- Nemandi A fær verkefnablað A.
- Nemandi B fær verkefnablað B.
- Nemendur að sitja andspænis hvor öðrum.
- Nemendur eiga stutt samtal samkvæmt lýsingu á aðstæðum.
- Hvert par vinnur öll verkefni á blaðinu.
- Hægt er að stokka pör upp, þannig að fleiri fái að tala saman.
- Kennari tekur nokkrar stikkprufur á samtölum.

Athugið! Nemandi A byrjar öll samtölin.


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger

## Vidste du

Lesbók bls. 79

Vinnubók bls. 54–55

### Vinnubók

Með textanum eru fjögur verkefni. Þau miðast við að nemendur hafi lesið alla þrjá textana í lesbók.

- B. Ekkert eitt svar er rétt. Gert er ráð fyrir að nemendur noti sköpunargáfuna.

## Et læserbrev om en chatven

Lesbók bls. 80

Vinnubók bls. 56–58

### Lesbók

**Ritunaræfing á bls. 80**. Nemendur velja annað verkefnið. Í þeim gæti þurft að rifja upp hvernig maður rökstyður mál sitt á dönsku ( Jeg synes, jeg mener, jeg tror …) og hvernig maður byrjar og endar sendibréf.

### Vinnubók

Með textanum eru sex verkefni.

**Hlustunaræfing 43 bls. 58**. Verkefnið úr hlustuninni er útdráttur úr frásögn. Æskilegt er að nemendur hlusti á textann að minnsta kosti tvisvar og skrifi hjá sér stikkorð eftir hvorn lestur. Stikkorðin eiga að nýtast við skrif á útdrætti.

## Kærlighed over nettet

Lesbók bls 81

Vinnubók bls. 58–60

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 81**. Í ritun 1 er ekki gert ráð fyrir að nemendur skrifi langan texta, heldur útskýri hvaða merkingu þeir leggja í fyrirsögnina. Í ritun 2 mætti hugsanlega vinna meira með póstkortið sem miðil. Hverjir senda póstkort og hvers vegna? Hafa nemendur fengið eða skrifað póstkort nýlega? Hver er munurinn á texta í póstkorti og t.d. sms? Eftir að nemendur hafa skrifað póstkortið gætu þeir breytt textanum yfir í sms eða sendibréf.

### Vinnubók

Með textanum eru fjögur verkefni.

**Hlustunaræfing 44 bls. 60**. Í æfingunni standa mjög mörg tölvutengd orð. Gott er að nemendur lesi listann vel yfir áður en þeir byrja að hlusta.

**Samtalsæfing 18. bls. 60**. Lav spørgsmål til



© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger

## Samtalsæfing 18 – Lav spørgsmål til svarene

**Samtalsleikur. Keppni milli liða**

**Markmið:**

- Að þjálfa spurnarfornöfn.
- Að þjálfa einföld orðaskipti.
- Að þjálfa orðaforða úr kaflanum.

**Form: Hópvinna. 4–6 í hverjum hóp. Hverjum hóp skipt í tvö lið.**

**Undirbúningur:**

Prenta út verkefnablað 18 fyrir hvern hóp. Klippa niður leikspjöld. Gott er að setja svörin á karton og plasta.

**Um æfinguna:**

- Lið A og B keppast um að búa til spurningu við fyrir fram gefið svar.
- Verkefnaspjöldin eru höfð í bunka sem er settur á hvolf.
- Nemandi úr liði A dregur spjald. Á spjaldinu er svar sem hann les upp.
- Lið B býr til spurningu við svarinu. Spurningin verður að vera þannig að hitt liðið geti notað svarið eins og það stendur á spjaldinu.
- Ef lið B býr til fullnægjandi spurningu, þannig að lið A geti notað svarið á Spjaldinu, fær lið B stig.
- Lið B hefur að hámarki eina mínútu til að búa til spurninguna.
- Liðin skiptast á að draga svar og svara spurningu.
- Það lið vinnur keppnina, sem hefur flest stig þegar spjöldin eru búin.

Ath. Gott er að skipa tímavörð í hverju liði.

## Brug hovedet når du bruger mobilen

Lesbók bls. 82–83

Vinnubók bls. 61–63

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 83**. Hugsanlega geta nemendur rætt verkefnið saman í pörum eða hóp áður en þeir byrja að skrifa. Einnig má bæta við fleiri spurningum.

© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850



# Lærervejledninger

### Vinnubók
Með textanum eru þrjú verkefni.

**Hlustunaræfing 45 bls. 62**. Nemendur heyra fjögur stutt samtöl og vinna stutta æfingu úr hverju samtali.

## Et snabel-a
Lesbók bls. 84
Vinnubók bls. 63–65

### Vinnubók
Með textanum eru fjögur verkefni.
- **A**. Nemendur þurfa sjálfir að komast að því hvað orðið snabel þýðir, t.d. með því að nota orðabók eða Netið.
- **B**. Verkefnið er tilvalið í para- eða hópvinnu. Upplýsingarnar eru ekki í textanum og þess vegna þarf að notast við hugmyndaflug, almenna þekkingu eða Netið.
- Einnig er hægt að hafa keppni milli liða. Gefinn er ákveðinn tími til að leysa verkefnið. Nemendur mega nota öll gögn sem tiltæk eru t.d. fara á bókasafn, tölvustofu, tala við starfsmenn eða aðra nemendur skólans.
- **C** og **D**. Verkefnin eru ekki úr textanum *Om sms*, heldur úr þemanu í heild.

## Om sms
Lesbók bls. 84
Vinnubók bls. 66

### Lesbók
**Ritunaræfing bls. 84**. Nemendur eiga að skrifa þrjú sms skilaboð samkvæmt leiðbeiningunum.

### Vinnubók
Með textanum eru þrjú verkefni.

## Digte og kærlighedsbreve
Lesbók bls. 85
Vinnubók bls. 66–69

### Lesbók
**Ritunaræfing bls 85**. Gott er að rifja upp uppsetningu sendibréfa.


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850



# Lærervejledninger

## Vinnubók
Með textanum eru fimm verkefni.

- **D**. Áður en verkefnið er unnið er gott að ræða um mismunandi tegundir af kortum, boðskort, póstkort, jólakort og afmæliskort, og hvort til séu fleiri tegundir af kortum (þakkarkort, fermingarkort og samúðarkort).

**Hlustunaræfing 46 bls. 68**. Nemendur vinna fyrri hlutann áður en þeir hlusta.

# Verdens uartigste dreng
Lesbók bls. 89
Vinnubók bls. 69–71

## Vinnubók
Verkefnin tengd sögunni skiptast í: Fyrir, meðan og eftir verkefni. Gott er að láta nemendur vinna verkefnin í réttri röð til að auðvelda þeim lesturinn.

# Fucking hvad
Lesbók bls. 89
Vinnubók bls. 71–73

## Lesbók
**Ritunaræfing bls. 89**. Verkefnið er opið og hægt að vinna með það á ýmsan hátt. Mögulega má leita að staðarheitum á leitarvefjum, t.d. er hægt að nota leitarorðin: *navnet Reykjavik* og fá þannig upp útskýringar á dönsku.
Myndina má nota í ritunarverkefni og t.d. skrifa um ferðir konunnar.

## Vinnubók
Með textanum eru sex verkefni..

- **F**. Myndirnar gefa möguleika á mismunandi verkefnum. Með svona verkefni má gera mismiklar kröfur til nemenda. Hægt er að skrifa einfalda setningu eða fleiri setningar og flóknari.

## Fróðleikur



Á Netinu má finna ýmsar tegundir korta. Hugsanlega geta nemendur skrifað kort á Netinu og sent hvorum öðrum. Sjá t.d. krækjuna www.email-postkort.dk


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



## Tengt efni

*Hvad siger du? C*
Elísabet Valtýsdóttir og Vilborg Ísaksdóttir
Et brev fra Marianne, Lytteøvelse 27

*Snak løs, talæfingar til ljósritunar*
Birte Harksen
Talemåder om kroppen side. 8–11
Kennsluleiðbeiningar eru á vef
Námsgagnastofnunar www.nams.is

*God bedre bedst, gagnvirkt vefefni*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir
Massemedier: www.nams.is/GBB

*Grammatik, handbók um danska málfræði*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir

*Grammatik 1 – verkefni til útprentunar*
Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik1
Lausnir fást á geisladisk hjá
Námsgagnastofnun (pdf skjal)

*Grammatik 2 – verkefni til útprentunar*
Höfundur: Linda Sigurðardóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik12
Lausnir fást á geisladisk hjá
Námsgagnastofnun (pdf skjal)


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger

## Í þemanu er m.a. unnið með orðaforða tengdan:

- Hvernig fólk er ólíkt t.d. áhugamál, gildi og lífsviðhorf.

## Hugmyndir að kveikju:

- Umræður um myndina á bls. 90.
- Hvordan er vi forskellige? Har alle samme mål i livet? Hvilken typer er vi?

### Sproghjørnet

Með kaflanum *Du og jeg og resten af verden* fylgir **Sproghjørnet** sem eru málnotkunarverkefni á vef til útprentunar. Fremst í hverju **Sproghjørne** eru reglur sem síðan unnið er með í æfingunum sem á eftir koma. Með þessum kafla eru grunnreglur og fimm verkefni.



Lærervejledninger

## Et svært valg

Lesbók bls. 90–91
Vinnubók bls. 74–77

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 91**. Varast ber að nemendur fari að staðsetja bekkjarfélaga á fjallinu og gera lítið úr þeim.

### Vinnubók

Með textanum eru sjö verkefni.

- **A**. Verkefnið er nokkuð þungt og nauðsynlegt er að skoða textana sem fylgja myndinni í lesbók. Nemendur mega nota önnur orð en þau sem eru í kassanum.
- **D**. Verkefnið er frekar þungt. Svörin eru ekki endilega augljós í texta.
- **F**. Í verkefninu er byrjað á einum bókstaf og svo búin til orð þar sem bókstöfum er bætt við þá sem fyrir eru. Nemendur geta bætt bókstöfum fyrir framan eða aftan orð eða breytt alveg um röðun á stöfum.

**Hlustunaræfing 47 bls. 77**. Nemendur heyra ungt fólk tala um framtíðina.

### Á vef

**Samtalsæfing 19 bls. 77**.


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



## Samtalsæfing 19 – Hvem har ...

**Orða- og hreyfileikur**

**Markmið:**
- Að þjálfa orðaforða tengdan daglegu lífi.

**Form: Allur bekkurinn tekur þátt**

**Undirbúningur:**
Prenta út verkefnablað 19. Allir nemendur fá eitt verkefni.

**Um æfinguna:**
- Áður en leikurinn hefst fá nemendur nokkrar mínútur til að hugsa upp a.m.k. þrjú atriði sem eiga við þá sjálfa og þau vilja vita hvort eiga við fleiri í bekknum. Sem dæmi: Hvem har et kæledyr? Hvem børstede tænder i morges?
- Nemandi skrifar stikkorð á verkefnablað.
- Stólunum er raðað í hring. Stólarnir eiga að vera einum færri en nemendur.
- Einn nemandi stendur í miðju hringsins.
- Nemandinn í miðjunni spyr bekkinn á dönsku um eitthvað sem hann vill vita, t.d. "hvem har et kæledyr".
- Þeir nemendur sem eiga gæludýr standa upp af stólunum og eiga að finna sér annað sæti.
- Nemandinn í miðjunni á að reyna að ná sér í sæti.
- Sá sem ekki nær sæti fer í miðjuna og ber upp nýja spurningu o.s.frv.

## Værdier og Hvilken type er du?

Lesbók bls 92–93
Vinnubók bls. 78–81

### Lesbók

Orðin í hringjunum efst á bls. 92 eru öll heiti á mismunandi jákvæðum gildum. Þau tengjast textunum sem á eftir koma.

**Ritunaræfing bls. 93**. Einnig má vinna ritunarverkefni þar sem nemendur lýsa eigin skoðunum á hópvinnu. Hvaða hlutverki þeir gegna sjálfir í hópverkefnum og hvers konar fólki þeim finnst gott að vinna með (hvaða eiginleika þeir hafa).

## Lærervejledninger



### Vinnubók
Með textanum eru níu verkefni.
- D. Í þessu verkefni geta verið fleiri en eitt rétt svar.

## Hvad er det vigtigste i livet?
Lesbók bls. 94
Vinnubók bls. 81–83

### Lesbók
**Samtals og ritunaræfing bls. 94**. Nemendur geta bætt við fleiri fullyrðingum ef þeir vilja.

### Vinnubók
Með textanum eru fimm verkefni.
- A. Verkefnið er frekar þungt og ekki er hægt að finna svörin beint í textanum.
- E. Verkefnið getur verið einstaklingsverkefni, paraverkefni, hópverkefni eða keppni milli para/liða.

**Hlustunaræfing 48 bls. 80**. Nemendur heyra stutta frásögn.

**Hlustunaræfing 49 bls. 83**. Áður en hlustað er væri gott að rifja upp merkingu lýsingarorðanna í hringjunum.

### Á vef
**Samtalsæfing 20 bls. 83.**


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

## Samtalsæfing 20 – Det forbudte ord

**Orðaleikur og keppni**

**Markmið:**

- Að þjálfa orðaforða tengdan daglegu lífi.
- Að þjálfa nemendur í að nota ímyndunaraflið til að lýsa hlutum og hugtökum án þess að nefna heiti.
- Að þjálfa nemendur í að tjá sig fyrir framan hóp.
- Að skilja orð út frá samhengi.

**Form: Allur bekkurinn tekur þátt**

**Undirbúningur:**

- Prenta út verkefnablað 21.
- Hver hópur fær eitt verkefni.
- Klippa niður leikspjöldin.

**Um æfinguna:**

- Kennari skiptir bekknum í tvennt.
- Kennari velur einn nemanda úr fyrra liðinu til að standa fyrir framan bekkinn.
- Nemandinn dregur leikspjald.
- Nemandinn á að lýsa feitletraða orðinu á spjaldinu, án þess að segja sjálft orðið. Hann má heldur ekki nota orðin sem standa fyrir neðan. Nemandinn má ekki nota orð úr öðrum tungumálum, né handaábendingar.
- Lið nemandans á að geta upp á orðinu.
- Eftir eina mínútu velur kennarinn nemanda úr seinna liðinu. Hann fær nýtt spjald.
- Ef liðið getur upp á orðinu fær það stig.
- Haldið er áfram þangað til öll spjöldin eru búin.
- Hægt er að fara aðra umferð þar sem nemendur búa til sín eigin spjöld með orðum sem þeir hafa lært nýlega.

## 32 naturlige højdepunkter

Lesbók bls. 95

Vinnubók B bls. 84–85

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 95**. Nemendur skrifa niður tíu hluti sem gera þá glaða.



© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850



# Lærervejledninger

## Vinnubók

Textanum fylgja fjögur verkefni.

**Hlustunaræfing 50 bls. 84**. Nokkrir einstaklingar segja frá því sem þeim finnst skemmtilegt.

## Á vef

**Samtalsæfing 21 bls. 85**.

### Samtalsæfing 21 – Lav sætningerne færdige

**Frásögn**

**Markmið:**

- Að nemandi geti beitt orðaforða sem tengist daglegu lífi hans og áhugamálum og skoðunum.
- Að nemendur hlusti á frásögn hver annars.
- Að nemendur aðstoði hver annan þegar orðaforði þrýtur.

**Form: Para- eða hópvinna**

**Undirbúningur:**

- Prenta út verkefnablað 21.
- Allir nemendur fá eitt verkefni.

**Um æfinguna:**

- Nemendur vinna saman í pörum eða í litlum hópum.
- Nemendur fá allir verkefnablað 21.
- Nemendur lesa setningarnar á blaðinu upphátt fyrir hina og ljúka þeim eins og við á.
- Ágætt er að nemendur skiptist á að lesa setningarnar, þannig að allur hópurinn lesi spurningu 1, svo 2 o.s.frv.
- Hægt er að gefa nemendum nokkrar mínútur til þess að undirbúa sig, áður en þeir lesa upp setningarnar eða fá þá til að aðstoða hver annan ef þá vantar orð.



© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger


## Tengt efni

*Grammatik, handbók um danska málfræði*
Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir

*Grammatik 1 – verkefni til útprentunar*
Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik1
Lausnir fást á geisladiski hjá Námsgagnastofnun (pdf-skjal)

*Grammatik 2 – verkefni til útprentunar*
Linda Sigurðardóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik12
Lausnir fast á geisladiski hjá Námsgagnastofnun (pdf-skjal)

© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger

**Í þemanu er m.a. fjallað um orðaforða tengdan:**

- Framtíðinni.
- Nokkrum af þeim möguleikum sem standa ungu fólki til boða í framtíðinni.
- Ýmsum störfum og starfsheitum.

**Hugmyndir að kveikju:**

- Nemendur gera hugarkort tengt framtíðarsýn.
- Nemendur gera hugarkort um hin ýmsu starfsheiti og rifja upp hvaða námsleiðir þeir þurfa að fara til að komast í þessi störf. (sjá kafla 1)

## Sproghjørnet

Með kaflanum *Fremtidsdrømme* fylgir **Sproghjørnet** sem eru málnotkunarverkefni á vef til útprentunar. Fremst í hverju **Sproghjørne** eru reglur sem síðan er unnið með í æfingunum sem á eftir koma. Með þessum kafla eru grunnreglur og fimm verkefni.



© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

Lærervejledninger

## Det rigtige valg

Lesbók bls. 96

Vinnubók bls. 86–89

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 96**. Hægt er að bæta við spurningum eða fækka þeim eftir þörfum.

### Vinnubók

Með textanum eru þrjú verkefni.

**Hlustunaræfing 51 bls. 87**. Þessi hlustun er erfið og efalaust þarf að gera hlé á lestrinum svo að nemendur átti sig betur á innihaldinu.

**Hlustunaræfing 52 bls. 89**. Nemendur eiga að teikna eftir lýsingu. Nauðsynlegt getur reynst að lengja hléin þannig að nemendur nái að teikna.

### Á vef

Ein aukaæfing er með þessum texta. Nemendur svara spurningum úr textanum á íslensku.

## Hvad vil du være når du bliver stor?

Lesbók bls. 97

Vinnubók bls. 89–92Vinnubók

Með textanum eru tvær æfingar.

**Samtalsæfing 22 bls. 89**.

## Samtalsæfing 22 – Ildebrand

### Frásögn og rökstuðningur

**Markmið:**

- Að þjálfa frásögn.

**Form: Para- eða hópvinna**

**Undirbúningur:**

- Prenta út verkefnablað 22.
- Allir nemendur fá eitt verkefni.



# Lærervejledninger

**Um æfinguna:**

- Hver nemandi fær stuttan undirbúningstíma til að ákveða hvaða sex hluti hann myndi taka með af heimilinu ef kviknaði í heima hjá honum.
- Nemendur setjast saman í pör eða hópa.
- Hver nemandi á að segja frá hvað hann myndi taka með sér og rökstyðja valið.
- Aðrir nemendur geta spurt út í valið.
- Kennari tekur nokkrar stikkprufur. Þannig geta nokkrir nemendur þurft að útskýra val sitt fyrir bekknum þegar þeir hafa gert grein fyrir valinu í hópum.
- Að þjálfa rökstuðning.
- Að geta svarað spurningum.

## Drømmejobbet

Lesbók bls. 98
Vinnubók bls. 92–93

### Lesbók

Nota má myndirnar á mismunandi hátt t.d. er hægt að skrifa um hvernig þær tengjast ákveðnum störfum.

### Vinnubók

Með textanum eru sjö verkefni.
**Hlustunaræfing 53 bls. 92**. Átta einstaklingar segja frá sér og áhugamálum sínum.
**Samtalsæfing 23 bls. 92**.

## Samtalsæfing 24 – Korte samtaler

### Hlutverkaleikir

**Markmið:**

- Að þjálfa samtalstækni á dönsku.
- Að þjálfa orðaforða tengdan daglegu lífi.
- Að þjálfa sköpun og hugmyndaflug.
- Að þjálfa orðasambönd og hikorð.
- Að þjálfa nemendur í að bregðast munnlega við óvæntum aðstæðum.

**Form: Paravinna**


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



**Undirbúningur:**
- Prenta út verkefnablöð 24A, 24B, 24C og 24D.
- Klippa niður spjöld.

**Um æfinguna:**
- Nemandi A fær samtal 1A.
- Nemandi B fær samtal 1B o.s.frv.
- Nemendur sitja andspænis hvor öðrum og mega ekki sjá blað hins.
- Nemendur eiga að tala saman um efnið á spjöldunum og ræða lausn á þeim vandamálum sem lýst er.
- Hvert par leikur eitt samtal fyrir bekkinn.

Ath. Nemendur geta fengið fleiri en eitt samtal að vinna með, ef tími gefst til.

## Mit drømmejob

Lesbók bls. 99–101
Vinnubók bls. 93–9

### Lesbók

**Ritunaræfing bls. 101**. Nemendur skrifa um sig sjálfa.
**Samtalsæfing bls. 101**. Nemendur taka viðtöl.

### Vinnubók

Textanum fylgja sjö verkefni.
- **G**. Nemendur eiga að setja sér eitt markmið, t.d. að standa sig betur í skólanum eða verða betri í einhverrri íþrótt. Síðan eiga þeir að fylla út í kassana samkvæmt fyrirmælum.

**Hlustunaræfing 54 bls. 97**. Nokkrir einstaklingar lýsa persónuleika sínum.

**Samtalsæfing 24 bls. 97.**

Lærervejledninger

## Samtalsæfing 24 Gæt ordet

**Orðaleikur**

**Markmið:**
- Að geta útskýrt merkingu orðs án þess að nefna orðið sjálft.
- Að geta notað orðaforða úr þemanu.
- Að hlusta á orðaskýringu.
- Að spyrja um einfaldar upplýsingar.

**Form: Paravinna**

**Undirbúningingur:**
- Prenta út verkefnablöð 25A og 25B.
- Helmingur bekkjarins fær verkefni A og hinn helmingurinn B.

**Um æfinguna:**
- Nemandi A fær vinnublað A.
- Nemandi B fær vinnublað B.
- Nemandi A á að útskýra 10 orð á dönsku án þess að nefna sjálf orðin.
- Nemandi B á að finna út hvaða orðum nemandi A lýsir og skrifa þau inn í kassana.
- Nemendur skipta um hlutverk.

## Jobkompasset

Lesbók bls. 102–103
Vinnubók bls. 98–103

### Vinnubók

Með textanum eru 11 verkefni.
- A. Verkefnið er frekar þungt. Stundum getur verið fleiri en einn svarmöguleiki. Það er þó aðeins eitt rétt svar ef verkefnið á að ganga upp.
- C. Nemendur hafa fengið uppgefin íslensk orð. Þeir eiga að finna danska orðið með því að setja saman orð úr kössunum tveimur fyrir ofan. Orðin eru öll samsett og finna má fyrri hluta orðsins í kassa A og seinni hlutann í kassa B.
- D. Nemendur eiga að velja fimm orð úr verkefni C og skrifa setningar með þeim.

**Hlustunaræfing 55. bls 103**. Krossaspurningar.


© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850

# Lærervejledninger



## Skiftingen

Lesbók bls. 104
Vinnubók 104.

### Lesbók

Smásagan er fremur kaldhæðin og skrýtin og einhverjum gæti fundist hún heldur andstyggileg.

### Vinnubók

**Inden du læser 2**. Auðveldast er að finna upplýsingar um trolde á wikipedia.dk. eða leitarvef.

### Fróðleikur

Jobkompasset er ítarlegur vefur um námsleiðir og störf í Danmörku. Sjá krækju www.ug.dk

## Tengt efni



*Hvad siger du? C*
Elísabet Valtýsdóttir og Vilborg Ísakaksdóttir
Planer om fremtiden, Lytteøvelse 20.

*Snak løs, samtalsæfingar til ljósritunar*
Birte Harksen
Arbejde s. 26–32

*Superdansk*
Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir
Lesbók bls 109–126
Vinnubók bls 94–105

*Grammatik, handbók um danska málfræði*
Höfundar Arnbjörg Eiðsdóttir og
Kristín Jóhannesdóttir

*Grammatik 1 – verkefni til útprentunar*
Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik1
Lausnir fást á geisladiski hjá Námsgagnastofnun. (pdf-skjal)

*Grammatik 2 – verkefni til útprentunar*
Linda Sigurðardóttir
http://www.nams.is/danska/grammatik12
Lausnir fást á geisladiski hjá Námsgagnastofnun. (pdf-skjal)

© Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen – Kennsluleiðbeiningar með Ekko – NÁMSGAGNASTOFNUN 2009 – 09850